

Kaup Thermo Fisher Scientific á Olink Holding AB

I. Málsmæðferð

- Þann 22. janúar 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um skuldbindandi yfirtökutilboð Thermo Fisher Scientific í hlutafé Olink Holding AB. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við b-lið 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Þann 5. febrúar 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og byrjuðu því frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 23. janúar 2024.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Eftir kaupin mun Thermo Fisher fara með yfirråd yfir Olink. Er því um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og þar sem veltumörk eru uppfyllt var samruninn tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins.
- Samruninn hafði áður verið tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins þann 22. nóvember 2023 en tilkynningin var afturkölluð þann 27. desember 2023. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið frekari upplýsinga frá samrunaaðilum, óskaði eftir upplýsingum frá öllum viðskiptavinum samrunaaðila á Íslandi og aflaði upplýsinga frá öðrum hagaðilum. Með frétt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins dags. 7. desember 2023 var öllum þeim sem höfðu áhuga á að koma á framfæri athugasemdum um samrunann gefið færi á því. Þá átti Samkeppniseftirlitið í samskiptum við bæði bandarísk og þýsk samkeppnisyfirvöld við meðferð málsins.

1. Um fyrirtækin og samrunann

- Í samrunaskrá kemur fram að Thermo Fisher sé alþjóðlegt fyrirtæki, skráð í Bandaríkjunum og með höfuðstöðvar í Waltham, Massachusetts. Félagið varð til með samruna Thermo Electron og Fisher Scientific árið 2006 og er með u.þ.b. 130.000 starfsmenn í vinnu um allan heim. Fyrirtækið framleiði og selji fjölbreytt úrval af vörum og þjónustu sem snúi að lífvísindalausnum, rannsóknum og lífvinnslu. Býður félagið upp á breitt úrval af hefðbundnum próteinvísindarannsóknartækjum, þ.m.t. fyrir massagreiningu smáeinda (e. mass spectrometry), ónæmisprófanir og ensimtengdar ónæmissogandi prófanir (e. enzyme linked immunosorbent assay, ELISA) sem notaðar séu af rannsóknarstofum og aðstoða líftækni- og lyfjafyrirtæki við rannsóknir og þróunarstarf. Yfirlýst markmið félagsins sé að gera viðskiptavinum sínum kleift að gera heiminn heilbrigðari, hreinni og öruggari.
- Þá kemur fram að Olink sé hlutafélag sem stofnað var árið 2016 og er skráð á aðalmarkað NASDAQ í New York. Höfuðstöðvar félagsins séu í Uppsölum, Svíþjóð, en félagið sé einnig með skrifstofur í Kína, Singapore og Bandaríkjunum. Félagið bjóði upp á vörur og þjónustu sem



notaðar séu af líftæknilyfjafyrirtækjum sem og klínískum og akademískum stofnunum til rannsókna og tilraunagreininga á próteinum og próteinmengjum, sér í lagi svokallaðar high-plex mæligreiningar og mid-plex mæligreiningar (e. assays). Markmið félagsins sé að dýpka skilning á rauntíma líffræði mannsins og vinna að nútímalegri heilbrigðisþjónustu með áhrifamiklum vísindarannsóknum.

6. Í samrunaskrá er rakið að tilgangur samrunans sé að gera Thermo Fisher kleift að taka þátt á vaxandi vörumarkaði innan próteinmengjafræðinnar, þ.e. rannsóknum á uppbyggingu og hegðun próteina þar sem félagið hafi ekkert vöruframboð á sem stendur og auka aðgengi að vörum Olink. Thermo Fisher og Olink bjóði þannig upp á ólíkar vörur á sviði próteinmengjafræðinnar sem verði aðeins taldar vera í samkeppni að takmörkuðu leyti að sögn samrunaaðila. Ef talið verði að Thermo Fisher og Olink séu starfandi á sama vöru- og landfræðilega markaði, þá verði að áætla að samanlögð markaðshlutdeild þeirra sé lág á alþjóðavísu að mati samrunaaðila, og því sé tilkynnt um samrunann með styttri tilkynningu, sbr. b-liður 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.

2. Markaðir málsins

7. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar.

Sjónarmið samrunaaðila

8. Samrunaaðilar vísa til þess að markaður á sviði próteinmengjafræði hafi ekki verið talinn einn vörumarkaður, heldur hefur mörkuðum verið skipt niður eftir tilteknum vörum sem hafi ólík notagildi og neytendahópa. Samrunaaðilar vísa til þess að félögin starfi ekki á sama vörumarkaði þar sem ekki sé staðganga á milli vöruframboðs Thermo Fisher og vöruframboðs Olink. Thermo Fisher starfi einkum á markaði fyrir búnað fyrir massagreiningar á meðan Olink starfi á markaði fyrir próteinmæligreiningar.
9. Thermo Fisher sé einkum starfandi á markaði fyrir búnað fyrir massagreiningar. Búnaðurinn nýtist við að aðgreina og greina efnasambönd í ýmsum tilgangi. Í samrunaskrá kemur fram að fordæmi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á sviði próteinmengjafræði hafi staðfest að sérstakur markaður sé fyrir búnað fyrir massagreiningar, sem sé aðskilinn markaði fyrir aðrar vörur, s.s. próteinmæligreiningar¹. Þá séu mæligreiningar og massagreiningar framkvæmdar með ólíkri tækni og ólíkum búnaði, og séu framleiddar af mismunandi félögum. Viðskiptavinir sem kaupi massagreiningarbúnað og próteinmæligreiningar noti þær lausnir jafnframt til að prófa ólíkar tegundir sýna í ólíkum tilgangi. Til dæmis sé massagreining fyrst og fremst notuð af sérhæfðum vísindamönnum sem þarfnist alhliða skilnings á heildarsniði próteinmengisins sem takmarkist ekki við greiningu á fyrirfram völdum próteinmörkum. Mæligreiningar geti aftur á móti ekki veitt viðskiptavinum sambærilega og jafn yfirgripsmikla innsýn, þar sem þessar lausnir geti aðeins rannsakað tiltekin próteinmörk sem hafi verið valin fyrirfram og sérstök

¹ Mál framkvæmdastjórnar ESB nr. M.10304 Thermo Fisher/PPD.



mótefnamerki hafa verið þróuð fyrir. Olink selji ekki búnað fyrir massagreiningar og því sé engin skörun í rekstri samrunaaðila hvað búnað fyrir massagreiningar varðar.

10. Olink starfi á sviði próteinmæligreininga en samrunaaðilar telji að gera megi greinarmun á annars vegar svokölluðum high-plex búnaði og hins vegar mid-plex búnaði. Starfsemi Olink megi helst rekja til high-plex búnaðar en eini viðskiptavinur félagsins á Íslandi notast við þann búnað. Alla veltu Olink á Íslandi megi rekja til sölu á high-plex búnaði til þessa eina viðskiptavinar. Thermo Fisher bjóði ekki upp á high-plex mæligreiningar og af þeim sökum sé engin skörun í rekstri samrunaaðila hvað high-plex búnað varðar.
11. Samrunaaðilar vísa til þess að skörun sé í rekstri þeirra hvað varðar mid-plex búnað. Thermo Fisher sé eitt af fáum fyrirtækjum sem hafi leyfi til að framleiða sérstakar mid-plex próteinmæligreiningar fyrir búnað sem framleiddur er af félaginu Luminex. Olink framleiði einnig og selji mid-plex mæligreiningar, þ.e. mæligreiningar sem hafa greiningargetu sem nemur færri en 100 próteinum úr hverju sýni fyrir sig, sem og greiningarbúnað. Mid-plex mæligreiningar Olink séu hannaðar til þess að styðja við greiningu á tiltölulega miklum fjölda (50-100) próteina sem áður hafa verið greindar með high-plex búnaði Olink.
12. Að því er varðar landfræðilegan markað málsins vísa samrunaaðilar til þess að þeir telji hann vera alþjóðlegan eða í það minnsta EES-svæðið.
13. *Mat Samkeppniseftirlitsins*
14. Samrunaaðilar skilgreina tvo markaði, þ.e. annars vegar fyrir búnað fyrir massagreiningar (e. Mass Spectrometry) og hins vegar markað fyrir próteinmæligreiningar (e. assays eða immunoassays). Síðarnefnda markaðnum megi svo skipta nánar niður í svokallaðar mid-plex og high-plex mæligreiningar.
15. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við skilgreiningar samrunaaðila á vörumörkuðum miðað við fyrirliggjandi fordæmi og gögn málsins, þ.e. að til sé sérstakur markaður fyrir massagreiningar, sbr. t.d. mál framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. M.10304 Thermo Fisher/PPD. Mögulegt sé svo að skipta þeim markaði enn frekar niður eftir nánari tegund búnaðar, þ.e. búnaði byggðum á annars vegar vökva og hins vegar gasi (e. *a segmentation can be made based on the respective analytical technic used, i.e. gas chromatography ("GC") and liquid chromatography ("LC")*). Með sama hætti gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á því að til sé sérstakur markaður fyrir próteinmæligreiningar (e. assays eða immunoassays), sbr. t.d. mál framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. M.5863 Merck/Millipore. Próteinmæligreiningar eru notaðar í rannsóknum á próteinum, þ.e. uppbyggingu og virkni próteina þar sem markmiðið er að bera kennsl á, mæla og flokka virkni próteina sem framleidd eru af gefnu erfðamengi. Þeim markaði megi skipta nánar niður eftir þeirri tækni sem notast er við, þ.e. t.a.m. annars vegar mid-plex tækni og hins vegar high-plex tækni. Í grunninn felst munurinn í fjölda próteina sem hægt er að rannsaka hverju sinni. Í tilviki mid-plex tækni er um að ræða greiningarbúnað sem getur greint færri en 100 prótein úr hverju sýni en í tilviki high-plex eru þau yfir 100.
16. Að því er varðar skilgreiningu markaði má enn fremur vísa til þess að viðskiptavinir samrunaaðila á Íslandi lýstu sig sammála skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins. Þá bárust Samkeppniseftirlitinu umsagnir annarra hagaðila sem almennt töldu rétt að gera greinarmun á annars vegar mid-plex tækni og hins vegar high-plex tækni m.a. þar sem viðskiptavinir um slíka búnaði væru ekki þeir sömu.



17. Þá gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemd við það mat samrunaaðila að landfræðilegur markaður málsins teljist alþjóðlegur, eða í það minnsta EES-svæðið, þótt inn- og útflutningur umræddra vara yfir landamæri sé sennilega einhliða og ekki gagnkvæmur til marks um hefðbundna víðari landfræðilega markaði, en allt að einu hefur það ekki áhrif á niðurstöðu málsins að skilgreina landfræðilegan markað nákvæmlega þar sem samrunaaðilar virðast aðallega starfa erlendis og búa við erlent samkeppnislegt aðhald.

3. Samkeppnisleg áhrif samrunans

18. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.
19. Ljóst er að ekki er lárétt skörun í starfsemi samrunaaðila hvað búnað fyrir massagreiningar varðar, en Olink hvorki framleiðir né selur slíkan búnað. Þá er ekki lárétt skörun í starfsemi samrunaaðila í tilviki high-plex próteinmæligreininga, en Thermo Fisher hvorki framleiðir né selur slíkan búnað.
20. Bæði félög framleiða og selja mid-plex próteinmæligreiningar. Samrunaaðilar hafa upplýst Samkeppniseftirlitið að þeir telji markaðshlutdeild vera [...] í tilviki Thermo Fisher og [...] í tilviki Olink á markaði fyrir mid-plex próteinmæligreiningar á [...]. Samanlögð markaðshlutdeild væri því [...]. Þessi áætlun á sér nokkra svörun í umsögnum hagaðila sem hafa lýst því að markaðshlutdeild á markaði fyrir mid-plex próteinmæligreiningar sé almennt dreifð og samkeppni töluverð. Með hliðsjón af framangreindu og öðrum gögnum málsins er að mati Samkeppniseftirlitsins ólíklegt að samruninn komi til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu, eða verða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti á markaði fyrir mid-plex próteinmæligreiningar í þessu samhengi.
21. Í samrunaskrá kemur fram að takmörkuð lóðrétt tengsl séu á milli samrunaaðila um helstu vörur þeirra, þ.e. fyrir búnað til massagreininga og próteinmæligreininga. Að því er varðar lóðrétt samband samrunaaðila sé það að öðru leyti óverulegt hvað varðar sölu Thermo Fisher á rekstrarvörum og hefðbundnum búnaði fyrir rannsóknarstofur. Til staðar séu fjölmargir aðrir birgjar sem bjóði sömu vörur eða lausnir en í samrunaskrá er vikið að áætlaðri markaðshlutdeild Thermo Fisher og fjölda annarra birgja á lóðrétt tengdum mörkuðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa fyrirbyggjandi upplýsingar ekki til kynna að samruninn leiði af sér skaðleg lóðrétt áhrif.
22. Að því er varðar möguleg samsteypuáhrif samrunans þá koma þau til skoðunar í þeim tilvikum sem aðilar samrunans eru hvorki í láréttu né lóðréttu sambandi en eru starfandi á tengdum mörkuðum. Almennt valda samsteypusamrunar ekki röskun á samkeppni en geta þó gert það í afmörkuðum tilvikum. Birtist það einkum í svokölluðum útilokunaráhrifum með vogarflshögðun, þ.e. hið sameinaða félag notfærir sér sterka stöðu á einum markaði til þess að að auka við hlutdeild sína á öðrum tengdum markaði, ýmist með samvinnun eða vöndlun eða annars konar útilokandi háttsemi. Vísbendingar eru um að markaður fyrir massagreiningar og markaður fyrir próteinmæligreiningar séu tengdir markaðir. Þannig eru viðskiptavinir oft þeir sömu á báðum mörkuðum, t.a.m háskólar, lyfjaframleiðslufyrirtæki og líftæknifyrirtæki.
23. Til þess að möguleg skaðleg samsteypuáhrif samruna í formi útilokunaráhrifa raungerist verði samrunaaðilar að hafa bæði getu og hvata til að standa að slíkri háttsemi. Er nánar vikið að því í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lóðréttu samruna og



samsteypusamruna.² Við mat á því hvort slík áhrif raungerist í máli þessu verður ekki framhjá því litið að áhrif samrunans á Íslandi eru takmörkuð. Þannig eru viðskiptavinir samrunaaðila á Íslandi mjög fáir eða eingöngu [...] í heildina, [...] í tilviki Olink og [...] í tilviki Thermo Fisher. [...]. Velta Thermo Fisher á Íslandi á skilgreindum mörkuðum málsins, þ.e. á markaði fyrir massagegreiningar annars vegar og próteinmæligreiningar hins vegar er [...] fyrir árið 2022. Auk þess aflaði Samkeppniseftirlitið umsagna frá íslenskum viðskiptavinum samrunaaðila. Gerðu þeir ekki athugasemdir við samrunann. Verður því að mati Samkeppniseftirlitsins talið ólíklegt að röskun á samkeppni í formi samsteypuáhrifa raungerist á Íslandi í kjölfar samrunans.

24. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirbyggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til þess að rannsaka viðskiptin frekar né aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

II. Ákvörðunarorð:

„Kaup Thermo Fisher Scientific á Olink Holding AB fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

² Sjá nánar hér: <https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2008:265:0006:0025:en:PDF>.